

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 197/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2002 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 8.100 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á hvert íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.500.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrárám fyrir heimilis-sorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2001, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 27. febrúar 2002, öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 13. maí 2002.*

**Brynjólfur Gíslason** sveitarstjóri.